

Framtíðarsýn embættis skattrannsóknarstjóra 2023

Hlutverk embættis skattrannsóknarstjóra ríkisins er að standa vörð um félagslega og efnahagslega velferð almennings með því að rannsaka undanskot frá skatti úr sameiginlegum sjóðum okkar. Hjá embættinu er til staðar framúrskarandi hæfni og þekking til að takast á hendur rannsóknir á skattundanskotum. Með skilvirkri forgangsröðun höfum við tryggt getu til að upplýsa skattundanskot fljótt og vel á öruggan hátt. Með aukinni áherslu á kyrrsetningu eigna til tryggingar greiðslu skatta og sekta hefur okkur tekist að tryggja aukna fjármuni til samfélagsins. Þessi góði árangur hefur styrkt feril mála í stjórnáslunni og auðveldað samskipti við fagráðuneyti og stofnanir. Öflugar aðgerðir skattrannsóknarstjóra hafa merkjanleg áhrif á almenningsálitið í þá veru að fólk veigrar sér við að svíkja undan skatti. Embætti skattrannsóknarstjóra er þekkt fyrir skilvirka, hagkvæma og áhrifaríka starfsemi.

Málsmeðferð embættisins er hröð, skilvirk og áreiðanleg. Fagleg úrvinnsla, jafnræði, og fyrirsjáanleiki einkennir vinnubrögð og afgreiðslu. Samstarf við hagsmunaaðila er öflugt og embættið hefur vakið athygli fyrir að leggja sitt að mörkum til að tryggja viðeigandi framgang mála innan stjórnáslunnar. Öflug kynning á starfsemi og árangri embættisins hefur skapað því velvilja og markviss árangur starfsins hefur ríkan fælingarmátt í samfélaginu.

Vönduð fjármálastjórnun, áætlanagerð og frávikagreining hefur tryggt samfellda farsæla rekstrarsögu. Árangur embættisins hefur aflað aukinna aðfanga til að efla enn frekar rannsóknarstarfið. Upplýsingatæknin hefur verið nýtt á skilvirkan hátt til að rafvæða úrvinnslu og auka gæði og áreiðanleika. Vönduð ákvarðanataka um útgjöld ásamt skýrri upplýsingagjöf hafa aukið virðingu og traust á stofnuninni. Árangursríkri innleiðingu á lögum um opinber fjármál er lokið.

Tryggt hefur verið að alvarlegustu brotin berast embættinu hverju sinni og embættið leggur áherslu á að þau sæti viðunandi meðferð innan stjórnáslunnar. Nýting nýjustu tölvutækni, öflug áhættugreiningartól og aðgangur að færustu sérfræðingum hverju sinni hefur gert okkur kleift að ná framúrskarandi árangri á markvissan og hagkvæman hátt. Skýrar verklagsreglur, uppfærðir og vel hannaðir verkferlar og hagnýting upplýsingatækninnar eiga drjúgan þátt í velgengni okkar og viðvarandi árangri. Með árangursstjórnun og reglulegu sjálfsmati höfum við fest menningu stöðugra umbóta í sessi.

Embætti skattrannsóknarstjóra er í fremstu röð meðal stofnana sem vinnustaður þar sem starfsfólki hefur verið skapað fjölskylduvænt starfsumhverfi. Því býðst samkeppnishæf starfskjör og tækifæri til að þroskast í leik og starfi. Hjá embættinu ríkir fullkomið jafnræði milli kvenna og karla og tryggt hefur verið að allir njóta sín í starfi á jafnréttisgrundvelli. Allur aðbúnaður starfsfólks er eins og best verður á kosið og tryggt er að starfsfólk getur sinnt störfum sínum að kostgæfni.